

**Samningur um Evrópska
efnahagssvæðið**

Sameiginlega EES-nefndin

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR

**nr. 53/97
frá 31. júlí 1997**

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður
með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á
eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar
nr. 14/97 frá 24. mars 1997⁽¹⁾.

Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 96/11/EB frá 5. mars 1996 um breytingu á tilskipun
90/128/EBE um plastefni og -hluti sem ætlað er að komast í snertingu við matvæli⁽²⁾
skal felld inn í samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í 52. lið (tilskipun framkvæmdastjórnarinnar
90/128/EBE) í XII. kafla II. viðauka við samninginn:

„- 396 L 0011: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 96/11/EB frá 5. mars 1996
(Stjtið. EB nr. L 61, 12. 3. 1996, bls. 26).”.

2. gr.

Fullgiltur texti tilskipunar framkvæmdastjórnarinnar 96/11/EB á íslensku og norsku
fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. L 182, 10. 7. 1997, bls. 46 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 29, 10. 7. 1997, bls. 60.

⁽²⁾ Stjtið. EB nr. L 61, 12. 3. 1996, bls. 26.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. ágúst 1997, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 31. júlí 1997.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

E. Bull

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

G. Vik

E. Gerner